

Umsögn Háskóla Íslands um:

Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð

27. október 2022

Óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, sem ætlað er að koma í stað laga um Vísinda- og tækniráð frá árinu 2003. Háskóli Íslands hefur veitt umsögn um málið á fyrri stigum, síðast hinn 6. september sl. Frumvarpið er enn óbreytt. Umsögn Háskólans er því lögð fram að nýju nær óbreytt hvað meginsjónarmið varðar en hefur þó verið endurskoðuð með tilliti til breyttra aðstæðna, m.a. í skipulagi stjórn-sýslu ríkisins.

Háskóli Íslands fagnar heildarendurskoðun laganna og telur margt jákvætt í frumvarpinu, má í því sambandi nefna langtímastefnumótun í vísinda- og nýsköpunarmálum, öflugri sjálfstæða gagnagreiningu og eftirfylgni og aukið samstarf og samhæfingu milli ráðuneyta. Einnig er jákvætt að stefnt er að einfaldara fyrirkomulagi og betri upplýsingagjöf en áður.

Í skýrslu verkefnishóps var gerð tillaga um einfaldara fyrirkomulag markáætlana, m.a. í því skyni að auðveldara yrði að bregðast hratt við aðsteðjandi vanda með nýjum markáætlunum. Þær tillögur er því miður ekki að finna í frumvarpinu. Því er brýnt að fylgjast vel með því hvort nýtt fyrirkomulag leysi þann vanda sem bent var á og laut einkum að of litlum sveigjanleika við framkvæmd markáætlana.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að rjúfa þau beinu tengsl sem nú eru á milli annars vegar ráðherra og hins vegar stjórnenda og sérfræðinga úr háskóla- og vísindaumhverfinu og atvinnulífi. Fyrirhugað er að ná þessu fram með lögfestingu sérstakrar ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun, þar sem eingöngu sitja ráðherrar, og með skipan níu manna ráðgefandi Vísinda- og nýsköpunarráðs sem hittir ráðherranefndina tvisvar á ári líkt og getið er í greinargerð.

Háskóli Íslands telur að framangreindur aðskilnaður sé varhugaverður. Á það var bent í umsögn Háskólans um tillögur verkefnishópsins og er það hér með ítrekað. Með framangreindum lögum um Vísinda- og tækniráð, sem sett voru árið 2003, var markmiðið að færa stefnumótun á sviði háskóla, vísinda og nýsköpunar á efsta stig stjórn-sýslunnar. Markmiðið var jafnframt að styrkja með formlegum hætti samtal stjórnvalda við háskóla- og vísindasamfélagið auk atvinnulífs. Þetta var gert að erlendri fyrirmynd en víða um heim er þróunin enn þá í þessa átt. Þetta er mikilvægt, ekki síst vegna nýrrar þekkingar um mikilvægi menntunar, vísinda og nýsköpunar og hvernig unnt er að beita málaflokkunum í þágu samfélagsins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir framtíðarsýn til tíu ára í senn og aðgerðaráætlun til tveggja ára. Háskóli Íslands bendir á að heppilegra væri að aðgerðaráætlunin tæki til lengri tíma. Það er

mat Háskóla Íslands að fyrirhuguð ráðherra nefnd ásamt vísinda- og nýsköpunarráði verði verr í stakk búin en núverandi Vísinda- og tækniráð til að annast sannfærandi stefnumótun á sviði háskóla-, vísinda- og nýsköpunarmála. Háskólinn telur mikilvægt að ráðherrar og vísindasamfélagið starfi, ásamt fulltrúum atvinnulífsins, áfram á sameiginlegum vettvangi til að takast á við þær margvíslegu samfélagslegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Það þarf að efla þetta samstarf fremur en að veikja það. Virkur samráðsvettvangur af þessu tagi er nauðsynlegur til að tengja ákvarðanir um eflingu háskólamenntunar, rannsókna og nýsköpunar beint við aðrar meginákvarðanir stjórnvalda um samkeppnishæfni og framtíðaruppbyggingu samfélagsins. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í skýrslu starfshópsins kemur fram að algengast sé (í 68% tilvika samkvæmt úttekt OECD) að í ráðum af þessu tagi á alþjóðlegum vettvangi sitji ráðherrar, fulltrúar háskólasamfélagsins, rannsóknastofnana og atvinnulífs saman, þ.e. rétt eins og Vísinda- og tækniráð er nú skipað (bls. 53).

Háskóli Íslands ítrekar mikilvægi samtarfs ráðherra nefndar og Vísinda- og nýsköpunarráðs. Háskóli Íslands leggur því til að sett verði ný málsgrein í 3. gr. laganna þar sem kveðið er á um að Vísinda- og nýsköpunarráð haldi að jafnaði tvo fundi árlega með ráðherra nefnd um vísindi og nýsköpun.

Samkvæmt frumvarpinu er Vísinda- og nýsköpunarráðið skipað fulltrúum eftir tillögu sérstakrar tilnefningar nefndar á vegum ráðherra. Háskólinn bendir á mikilvægi þess að gerð verði rík krafa um sérfræðipækkingu til þeirra sem sitja í því ráði.

Með vísan til framangreinds er margt jákvætt í frumvarpinu en virkt samstarf ráðherra nefndar og Vísinda- nýsköpunarráðs er mikilvæg forsenda þess að vel takist til við að styrkja íslenskt þekkingarsamfélag og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.